



Akraneskaupstaður

Varðandi: Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi

Málsnúmer: 1603057

Dagsetning: 12. apríl 2016

SAMPYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 36. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 6. apríl s.l. var fjallað um mál nr. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi. Eftirfarandi var bókað:

„Á fundi sínum þann 10. mars s.l. samþykkti bæjarráð að skipa starfshóp um byggingu starfshóp um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi og fyrirliggjandi erindisbréf hópsins. Umræður um tillögur að fulltrúum í starfshópinn. Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að starfshópurinn verði skipaður eftirfarandi fulltrúum:

Einar Brandsson, formaður

Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir

Ingibjörg Pálmadóttir

Gunnhildur Björnsdóttir


Starfshópurinn myndi kalla til starfsmenn og utanaðkomandi sérfræðinga eftir þörfum. Ákvörðun um skipan hópsins er vísað til bæjarráðs“.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Umræður um nýtt búsetuúrræði fyrir fatlað fólk eiga sér nokkra forsögu á vettvangi Velferðar- og mannréttindaráðs. Til langstíma stóð til að endurbyggja húsnæðið að Vesturgötu 102, en hætt var við þau áform þar húsnæðið býður ekki upp á að íbúðir uppfylli stærðarviðmið reglugerðar nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Málið hefur ítrekað verið til umræðu á fundum ráðsins á undanförnu ári og fulltrúar í ráðinu hafa farið í vettvangsferð til að kynna sér byggingu og rekstur búsetukjarna í öðrum sveitarfélögum. Fulltrúar í Velferðar- og mannréttindaráði eru því vel upplýstir um möguleikana varðandi uppbyggingu nýs búsetukjarna.

Væru aðrir skipaðir í starfshópinn óttast undirritaður að málið myndi tefjast, þar sem setja þyrfti nýja fulltrúa inn í málið frá grunni. Undirritaður lagði því til að aðalfulltrúar í Velferðar- og mannréttindaráði, auk áheyrnarfulltrúa yrðu skipaðir í starfshópinn.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti tillögu undirritaðs sem hér með er vísað til afgreiðslu bæjarráðs.


Jón Hrói Finnsson,
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs